

Mannréttindastefna Melaskóla

- Skv. lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla ber öllum fyrirtækum og stofnunum sem hafa fleiri en 25 starfsmenn að setja sér jafnréttisáætlun. Tilgangurinn með lögnum er fyrst og fremst sá að þannig sé best tryggt að hæfileikar og færni allra fái notið sín.
- Mannréttindi eru varin í stjórnarskrá Íslands, sem og fjölmörgum mannréttindasáttmálum og yfirlýsingum sem Íslendingar eiga aðild að. *Mannréttindastefnan er byggð á jafnræðisreglunni eða banni við mismunun sem er ein grunnhugmynd mannréttinda.* Hana er að finna í 65. gr. stjórnarskrárinnar og kveður hún á um að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, stjórnmalaskoðana, kynferðis, kynhneigðar, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.
- Í Lögum um grunnskóla frá 2008 – 24. grein segir að í skólastarfi skuli leggja áherslu á að búa bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu, fjölskyldulífi og atvinnulífi. „Markmið náms og kennslu og starfshættir grunnskóla skulu vera þannig að komið sé í veg fyrir mismunun vegna uppruna, kyns, kynhneigðar, búsetu, stéttar, trúarbragða, heilsufars, fötlunar eða stöðu að öðru leyti”.

- Í mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar frá 2006 (gr. 2.3.2.) er lögð áhersla á að allt uppeldis- og tólstundastarf, menntun og fræðsla sem fer fram á ábyrgð Reykjavíkurborgar og stofnana hennar hafi jafna stöðu kynjanna að leiðarljósi. Börnum og unglingum sé veitt hvatning til að rækta hæfileika sína og persónuþroska án hamlandi áhrifa hefðbundinna kynjaímynda. Styrkja skal jákvæð samskipti og gagnkvæma virðingu kynjanna í öllu starfi með æskufólki.

- Í Aðalnámskrá grunnskóla 2007 má finna ákvæði sem fjalla um jafnrétti. Stjórnendur skóla bera ábyrgð á að:

 - fræðsla og jafnrétti sé hluti af skólastarfi
 - námsefni mismuni ekki kynjum, vinni gegn fordómum og hafi mannréttindi allra hópa að leiðarljósi
 - kennsluhættir taki mið af því fjölbreytta samfélagi sem við búum í.

Í Aðalnámskrá 2011 er jafnrétti einn af grunnþáttum menntunar. Jafnréttismenntun á að fela í sér “gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því augnamiði að kenna börnum og unglingum að greina aðstæður sem leiða til mismununar sumra og forréttinda annarra” (*Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti, 2011:20*).

- Stefna Melaskóla er að jafnrétti kynjanna sé haft að leiðarljósi í öllu starfi hans. Kynbundin mismunun er óheimil. Nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar, án tillits til líkamlegs eða andlegs atgervis. Stefna ber að því að hver nemandi byggji upp jákvæða sjálfsmynd, öðlist sjálfstjórn og verði ábyrgur gerða sinna eins og þroski og aldur leyfa. Skólinn leggur mikla áherslu á samvinnu og vellíðan allra og að gleði, umhyggja og víðsýni einkenni skólasamfélagsið.

Við sýnum samhygð og umburðarlyndi. Við viljum að hver einstaklingur sé metinn að verðleikum og geti tekið fullan þátt í skólastarfi á jafnréttisgrundvelli.

Nemendur

Markmiðið er:

- að leitast við að hafa sem jafnast hlutfall stúlkna og drengja í námshópum
- að viðhafa fjölbreytta kennsluhætti
- að vinna gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja
- að vinna stöðugt gegn einelti og kynferðislegri áreitni
- að vinna gegn mismunun nemenda vegna fötlunar
- að ávallt sé gætt jafnréttis við val á námsefni
- að stuðla að samhygð og umburðarlyndi gagnvart mismunandi uppruna, litarhætti, fjölskyldugerð og menningu.

Kynjahlutfall

Leitast er við að skipta nemendum í bekki og hópa með sem jöfnustum hlutföllum kynja. Stundum er samt sem áður nauðsynlegt og gagnlegt að skipta hópum eftir kyni, til að mynda á bekkjarfundum og í hópavinnu.

Framkoma

Veita skal báðum kynjum jafna athygli og nota sama orðalag við drengi og stúlkur. Mikilvægt er að allt starfsfólk hrósi og hvetji jafnt stúlkur sem drengi.

Námsefni

Kennarar eru hvattir til að skoða námsefni með gagnrýnum huga, og eftir því sem kostur er vinna með kennslugögn sem byggja á jafnréttishugmyndum og hafa mannréttindi að leiðarljósi.

Kennsluhættir

Stefna skólans er að koma til móts við alla nemendur og nota fjölbreytta kennsluhætti sem stuðla að jafnrétti.

Nemendaráð

Jafnrétti kynjanna skal haft að leiðarljósi við val á fulltrúum sem sæti eiga í nemendaráði.

Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Málum sem upp kunna að koma er vísað til skólastjóra/nemendaverndarráðs og þau sett í ákveðinn farveg. Starfsmenn skólans hafa fengið fræðslu um forvarnir gegn kynferðislegri misnotkun á börnum og hvernig þeir geti greint og brugðist við á ábyrgan hátt, sbr. www.blattafram.is

Jafnréttisfræðsla

Skólanum ber að fræða nemendur um jafnréttismál. Fræðslan getur farið fram með tvennum hætti; annars vegar á beinan hátt þar sem unnin eru verkefni varðandi jafnrétti kynjanna og hins vegar á óbeinan hátt þar sem jafnrétti er fléttað inn í allt starf skólans.

Foreldrar

Markmiðið er:

- að allir foreldrar sitji við sama borð hvað varðar upplýsingar um skólann og starfsemi hans og fái jafnar upplýsingar í foreldraviðtölum
- að foreldrar hafi jöfn tækifæri á að fylgjast með námsframvindu og líðan barna sinna í skólanum
- að skólinn sjái til þess að túlkað sé fyrir foreldra sem tala ekki íslensku eða nota táknmál, bæði í viðtölum og á fundum
- að foreldrum sé kynnt mannréttindastefna skólans og að hún sé höfð á áberandi stað á heimasíðu
- að starfsfólk skólans sé meðvitað um að fjölskyldur eru fjölbreytilegar
- að litið sé á feður og mæður sem jafngild í foreldrasamstarfi.

Starfsmenn

Markmiðið er:

- að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis á vinnustað, starfsfólk sé metið að verðleikum og sýni hvert öðru virðingu í samskiptum
- að jafnréttissjónarmið séu höfð að leiðarljósi við ráðningar starfsmanna
- að konur og karlar njóti sömu launakjara og hafi jafna möguleika á launuðum viðbótarstörfum innan skólans
- að starfsaðstæður og aðbúnaður á vinnustað taki mið af þörfum beggja kynja
- að skólinn haldi námskeið fyrir starfsmenn þar sem fjallað er um jafnrétti og jafnréttismiðaða kenningu, einelti og kynferðislega áreitni
- að skólinn geri starfsfólki kleift að samræma störf sín og skyldur gagnvart fjölskyldu með sveigjanlegum vinnutíma og hagræðingu eftir því sem við verður komið.

